



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Ágæti viðtakendi

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur upp á 75 ára afmæli sitt á árinu 2025 og því margt fram undan. Glæsilegir hátíðartónleikar verða í Hörpu 6. og 7. mars, en þeir seinni verða í beinni útsendingu í sjónvarpi RÚV. Opið samspil verður haldið með yngri og eldri hljóðfæraleikurum, nýtt hlaðvarp sett á laggirnar, fjölbreyttri fræðsludagskrá haldið úti, sýning um sögu sveitarinnar sett upp og svo framvegis. Um mánaðamótin apríl-maí verður haldið í ferð á Hornafjörð, Vík og Selfoss og ýmislegt annað verður boðið fram í tilefni tímamótanna.

Ástæða þessa bréfs, sem sent er á allar sveitarstjórnir landsins og menningarfulltrúa landshlutasamtaka, er hins vegar sú að 29. ágúst næstkomandi verða haldnir í tíunda sinn sjónvarpstónleikarnir *Klassíkin okkar* sem notið hafa mikilla vinsælda á undanförunum árum á heimilum landsins. Samstarf Sinfóníuhljómsveitarinnar og RÚV er afar dýrmætt og með því hefur náðst að skila þessum tónleikum og fleiri tónleikum sveitarinnar heim í stofu til landsmanna.

Í tilefni afmælanna viljum við hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands leitast eftir samstarfi við sveitarstjórnir um land allt um verkefni sem við köllum *Sinfó í sundi* en þar viljum við hvetja sveitastjórnir á hverjum stað til að bjóða upp á beina útsendingu frá tónleikunum *Klassíkin okkar* sem hefjast kl. 20:00 á RÚV þann 29. ágúst. Áherslan í efniðskrá tónleikanna að þessu sinni verður á fjölbreyttan söng en nú stendur mótun tónleikanna yfir.

Hugmyndin er sú að í okkar dýrmætu sundlaugum og baðstöðum um allt land verði boðið upp á beina útsendingu frá tónleikunum, ýmist með hjálp skjávarpa eða sjónvarpstækja eða þá útvarpstækja, en tónleikarnir verða einnig í beinni útsendingu á Rás 1. Með því ætti að myndast möguleiki á mikilli og góðri samfélagsstemningu, en vitanlega verður hægt að njóta tónleikanna áfram heima með hjálp Spilara RÚV.

Með bréfi þessu viljum við hvetja sveitarstjórnarfólk, menningarfulltrúa, íþrótta- og æskulýðsfulltrúa og rekstraraðila sundlauga og baðstaða til að hafa opið fram á kvöld á meðan á tónleikunum stendur og taka þannig þátt í að mynda þessa óvenjulegu og skemmtilegu tónlistarupplifun sem þarna getur orðið til.

Í aðdraganda verkefnisins mun Sinfóníuhljómsveit Íslands síðan senda frá sér kynningarefni um viðburðinn á sama netfangalista og fær þett bréf, menningarfulltrúar í hverjum landshluta eru síðan sérstakir tengiliðir við SÍ.

Með kærri kveðju og von um samhljóm um land allt,

Guðni Tómasson

Framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands